



## Forvarnar- og lýðheilsuáætlun Stekkjaráss

Nóvember 2014

Markmiðið með forvarnar- og lýðheilsuáætlun Stekkjaráss er að ná til sem flestra þátta sem geta haft áhrif á heilbriggt lífni barna, þar með talið að koma í veg fyrir einelti, ofbeldi, óheilsusamlegt lífni og almenna vanlíðan.

Lýðheilsa er hugtak yfir almennt heilsufar þjóðfélagshóps eða þjóðar og er þá átt við líkamlega, andlega og félagslega heilsu fólks. Segja má að hún grundvallist á samfélagslegri og sameiginlegri ábyrgð á því að bæta heilbrigði, lengja líf og auka lífsgæði fólks í víðum skilningi. Lýðheilsa byggir á samstarfi margra fræðigreina og snertir flestöll svið samfélagsins hvort sem litið er til efnahagslegra, félagslegra eða umhverfislegra þátta (Lýðheilsustöð).

Forvarnar- og lýðheilsuáætlun leikskólans Stekkjaráss er unnin út frá forvarnarstefnu Hafnarfjarðar og áhersluatriðum hjá Lýðheilsustöð.

Forvarnarstefna Hafnarfjarðar miðar að því að forvarnastarfið nái til flestra þátta sem geta haft áhrif á heilbriggt lífni íbúanna (2008, Forvarnarstefna Hafnarfjarðar). Í henni segir m.a. að forvarnir byrja hjá fjölskyldunni og því mikilvægt að fjölskyldan standi traustum fótum. Til að styðja við fjölskyldur skal öll starfsemi á vegum Hafnarfjarðarbæjar stuðla að jákvæðu umhverfi fyrir fjölskyldur. Stofnanir s.s. skólar, félagsmiðstöðvar og íþróttafélög sem sinna uppeldismálum með einhverjum hætti skulu standa saman um þau markmið að í Hafnarfirði séu fjölskyldum tryggt fjölskylduvænt umhverfi. Skólar, fjölskyldur og skipulagt félagsstarf eru þeir þættir sem vega mest í uppeldi ungs fólks og eru líklegastir til að minnka óæskileg áhrif og áhættuhegðun (2008, Forvarnarstefna Hafnarfjarðar).

Skólar gegna lykilhlutverki í lífi fjölskyldunnar og nauðsynlegt er að þeir hafi skýra forvarnar- og lýðheilsuáætlun. Við á Stekkjarási leggjum mikið uppúr samstarfi á milli heimilis og skóla. Gott foreldrasamstarf stuðlar að betri vitneskju foreldra um daglegt starf barnanna, líðan þeirra og þroska sem leiðir þá til betri tengsla á milli foreldra og barna.

Við vitum að foreldrar þekkja börnin sín best og viljum vera samstarfsaðilar í því að styðja við shið hæfa barn+. Mikilvægt er að byggja upp öflug tengsl sem einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum og fela í sér að allir aðilar, börn, foreldrar og starfsfólk hlusti hvert á annað af virðingu. Gagnkvæmur trúnaður milli foreldra og starfsfólks er forsenda þess að barninu líði vel í skólanum (2014, Skólanámskrá Stekkjaráss).

Ýmsir þættir í starfi leikskólans koma að lýðheilsu, má þar nefna hreyfingu, hvíld, hreinlætisvenjur, mataræði og vellíðan. Í skólanámskrá Stekkjaráss má meðal annars sjá áherslur á þessa þætti, þar segir:

Börnin eru hvött og studd til að bjarga sér sem mest sjálf við sem flestar aðstæður s.s. við matarborðið, við að klæða sig í útifötin o.s.frv. Þannig stuðlum við að því að barnið öðlist sjálfsöryggi og trú á eigin getu. Persónulegri umhirðu og hreinlæti er gert hátt undir höfði í daglegum athöfnum.

Við leggjum áherslu á útiveru og útinám í okkar starfi, þar sem börnin kynnast sínu náttúrulega umhverfi og hreyfingu við mismunandi aðstæður. Einnig bjóðum við uppá fjölbreytta hreyfingu í vel útbúnum íþróttasal skólans sem og á útisvæðinu. Í skólanum bjóðum við upp á holla og fjölbreytta fæðu. Starfsmenn skulu vera góðar fyrirmyndir við matarborðið, bæði hvað varðar borðsiði og viðhorf til matar. Stöðugt er verið að meta mikilvægi næringar fyrir vöxt og þroska barnanna og reynt að uppfylla þau viðmið sem sett eru af manneldisráði fyrir börn á leikskólaaldri.

Um hádegisbil er slökun/hvíld fyrir alla nemendur skólans og á hverri deild er rólegt horn eða svæði þar sem hægt er að slaka á yfir daginn. Börnin fá tækifæri til að tjá sig á listrænan og skapandi hátt, sem er leið fyrir þau að fá útrás fyrir tilfinningum og hugmyndum sínum. Við það styrkist sjálfsmynd barnsins og andleg vellíðan eykst.

Forvarnarstefna Hafnarfjarðar vísar á ýmsar leiðir að forvarnarstarfi sem einnig tengjast lýðheilsu en hér eru nokkrar þeirra sem við á Stekkjarási höfum í starfi leikskólans.

Efla og styrkja fjölskylduna með því m.a. að stuðla að fræðslu fyrir foreldra. PMT, fræðslufundir og fræðslubæklingar eru góð dæmi um leiðir (2008, Forvarnarstefna Hafnarfjarðar). Á Stekkjarási eru foreldraviðtöl að minnsta kosti tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur. Í foreldraviðtölum er farið yfir stöðu barnsins og ef eitthvað bjátar á þá fá foreldrar ýmsa fræðslu og ábendingar um sérfræðiaðstoð.

Leggja skal sérstaka áherslu á að þau leiksvæði sem eru í bænum séu gerð sem útivistarsvæði fjölskylda. Þannig að fjölskyldan geti saman heimsótt þessa staði og fái viðunandi aðstöðu og öryggi skal tryggt (2008, Forvarnarstefna Hafnarfjarðar). Leiksvæði Stekkjaráss er opið fyrir almenning þegar leikskólinn er lokaður. Lóðin er stór og skemmtileg og geta börn og foreldrar átt þar góðar stundir í öruggu umhverfi.

Foreldrafélög geti tekið markvissan þátt í vinnu að forvörnum, s.s. með fræðslufundum, samstarfsfundum og foreldrarölti (2008, Forvarnarstefna Hafnarfjarðar). Foreldraráð er í Stekkjarási. Það er skipað þremur til fjórum foreldrum og gefur það umsagnir um starfsáætlun, skólanámskrá og aðrar áætlanir sem skólinn gerir. Eins gefur það umsagnir við allar meiriháttar breytingar sem farið er í á skólastarfinu. Við leikskólann er starfrækt foreldrafélag og hefur myndast gott samstarf við félagið um ýmsar uppákomur s.s. jólaball, sveitaferð, sumarhátíð, leikrit og fleira í þeim dúr. Foreldrum og systkinum barnanna er boðið að taka þátt í flestum þessum uppákomum og verða þar til skemmtilegar minningar sem fjölskyldan á saman. Foreldrafélagið hefur aðgang að húsnæði leikskólans til að halda fundi og bjóða uppá fræðslu.

Samstarfsaðilum sé ljós nauðsyn þess að gera áætlun um viðbrögð, tilvísunarleiðir og skýra verkferla til að aðstoða börn og ungmenni sem eru í áhættuhópi og þau sem hafa orðið fyrir misnotkun eða vanrækslu (2008, Forvarnarstefna Hafnarfjarðar). Á Stekkjarási starfar samráðsteymi sem hittist reglulega á fundum þar sem farið er yfir einstök mál, hvort sem um börn, foreldra eða starfsfólk er að ræða. Þetta teymi hefur vissar starfsreglur og hefur sett sér viðmið og áætlanir um hvernig bregðast megi við því sem upp getur komið. Starfsfólk leikskólans er einnig í góðu samstarfi við félagsmálayfirvöld og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sem býður uppá ýmsa aðstoð.

Skimað skal eftir þeim sem talist geta til áhættuhópa og jaðarhópa og í því skini skal leitað samstarfs við skóla og aðra aðila (2008, Forvarnarstefna Hafnarfjarðar). Í leikskólanum er fylgst náið með líðan og aðbúnaði barna. Ef eitthvað er athugavert er leitað leiða til að bæta úr. Samstarf við foreldra er yfirleitt mjög gott og ef þarf að leita sérfræðiaðstoðar þá er það gert.

Leita þarf leiða til að tryggja að jaðarhópar/áhættuhópar fái viðeigandi stuðning og aðbúnað þar sem þeim gefst tækifæri til uppbyggilegs starfs (2008, Forvarnarstefna Hafnarfjarðar). Gott foreldrasamstarf kemur hér sterkt inn. Starfsfólk leikskólans ráðleggur foreldrum og bendir á leiðir til úrbóta ef eitthvað bjátar á. Einnig er foreldrum bent á leiðir til að sækja sér aðstoðar ef á þarf að halda. Í barnaverndarlögum ( kveður á um tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum og gengur þessi skylda framur ákvæðum laga/og eða siðareglna um þagnarskyldu. Þar stendur m.a.:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart (17. gr.).

Ákveðið ferli fer í gang ef sterkur grunur vaknar hjá starfsfólki um misbresti í aðbúnaði og/eða grun um áreitni/ofbeldi (sjá fylgiskj 1.).

Leggja skal áherslu á stefnumótun í almennri lýðheilsu þar sem sérstök áhersla er lögð á börn og unglina. Sérstaklega skal horft til verkefna sem miða að aukinni hreyfingu, bættu mataræði og vellíðan (2008, Forvarnarstefna Hafnarfjarðar). Í Stekkjarási er lögð áhersla á að efla alhliða hreyfiproska með fjölbreyttum leiðum t.d. með verkefnum sem stuðla að fínhyfingum, hreyfistundum í sal og útiveru. Boðir er upp á einfaldan og hollan mat og börnin fá ávexti daglega og hafa aðgang að vatni að drekka (2014 Skólanámskrá Stekkjaráss).

Leggja skal áherslu á fræðslu sem stuðlað geti að forvörnum þar sem börnin læri að tjá sig, sporna við og segja nei%æf þau lenda í aðstæðum þar sem heimilisofbeldi og kynferðislegt er til staðar. Einu sinni á önn mun sérkennslustjóri/ leikskólastjóri/ aðstoðarleikskólastjóri ásamt leikskólakennara lesa yfir fræðsluefni um sækastaði mína%með tveimur elstu árgöngunum í leikskólanum. Tilgangurinn með því er að börnin læri að þekkja einkastaði sína sem þau ein ráða yfir. Lögð er áhersla á að efla sjálfsöryggi sem styrkir barnið í að segja nei%og tjá sig ef eitthvað er brotið á því.

### Heimildir:

Aðalnámskrá leikskóla (2011) <http://bella.stjr.is/utgafur/ALalmennurhluti.pdf>

Barnaverndarlög 80/2002 <http://www.althingi.is/altext/stjt/2002.080.html>

Forvarnarstefna Hafnarfjarðar (2008) <http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/stjornsysla/stefna/forvarnastefna.pdf>

Lýðheilsustöð (e.d.). Hvað er lýðheilsa? Sótt 24. nóv. 2014 af <http://www.lydheilsustod.is>

Skólanámskrá Stekkjaráss (2014) <http://www.leikskolinn.is/stekkkjaras/>

Fylgiskjal 1.

# Tilkynning til barnaverndarnefndar

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, Sérkennslustjóri og deildastjóri viðkomandi deildar (þegar það á við) sitja í samráðsteymi leikskólans.

Þessi verkferill sýnir verklag við tilkynningar til barnaverndar

